

Fundargerð

Haustfundar almannavarnanefndar í umdæmi Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra miðvikudaginn 21. september 2022 kl. 10, haldinn í AST á Húsavík.

Mætt voru: Páley Borgþórsdóttir, Kristján Kristjánsson, Grímur Snær Kárason, Katrín Sigurjónsdóttir, Jón Hrói Finnsson, Finnur Ingví Kristinsson, Snorri Finnlaugsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Eyrún Ingbjörg Sigþórsdóttir, Þröstur Friðfinnsson, Jóhann K Jóhannsson sat fundinn í fjarveru Sigríðar Ingvarsdóttur.

Björn S. Lárusson sat fundinn í fjarfundi.

1. Kosning formanns, varaformanns og ritara.

Tillögur lágu fyrir fundinum um Páleyju Borgþórsdóttur lögreglustjóra sem formann nefndarinnar, Katrínu Sigurjónsdóttur sveitarstjóra Norðurlands sem varaformann og Finn Yngva Kristinsson sveitarstjóra Eyjafjarðarsveitar sem ritara.

Tillaga um Páleyju Borgþórsdóttur lögreglustjóra sem formann samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga um Katrínu Sigurjónsdóttur, sveitarstjóra Norðurlands samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga um Finn Yngva Kristinsson, sveitarstjóra Eyjafjarðarsveitar sem ritara samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2. Nýr samstarfssamningur undirritaður vegna fækkunar sveitarfélaga í umdæminu,

Við síðustu sveitarstjórnarkosningar sameinuðust Svalbarðshreppur og Langesbyggð í eitt sveitarfélag og Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit sameinuðust í sveitarfélagið Þingeyjarsveit og því var nauðsynlegt að breyta eldri samningi í takt við þessar breytingar. Einnig voru gerðar smávægilegar orðalagsbreytingar á 2. mgr. 5. gr. varðandi vettvangsstjórnir.

Eftir kynningu á samningnum skrifuðu allir mættir sveitarstjórar undir samninginn auk lögreglustjóra. Aðrir fá skjalið til undirritunar hið fyrsta.

3. Rekstraráætlun fyrir árið 2023 lögð fram

Kristján Kristjánsson fór yfir áætlunina og fram kom í máli hans að vegna Covid hefði ekki verið hægt að halda stórar verklegar æfingar á viðbragðsáætlunum undanfarið ár fyrir utan flugslysáæfingu sem haldin var á Þórshöfn í vor.

Hann gerði grein fyrir þeim verkefnum sem stefnt er að á komandi rekstrarári. Tvær stórar æfingar eru fyrirhugaðar á næsta ári auk þess er stefnt að því að halda ráðstefnu fyrir aðgerðarstjórnendur í umdæminu í febrúar næstkomandi.

Jón Hrói spurði út í rekstrartekjur nefndarinnar sem eingöngu eru framlög sveitarfélaga kr. 190.- pr. íbúa. Gjaldið var ákveðið á fundum nefndanna í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum á haustfundum þeirra 2019 þegar tekin hafði verið ákvörðun um sameiningu þeirra í eina nefnd í umdæminu og lagt fyrir og samþykkt í þeim sveitarstjórnnum sem aðild eiga að sameinaðri nefnd síðar það sama haust. Gjaldið hefur haldist óbreytt frá þeim tíma.

Rekstraráætlun fyrir árið 2023 var borin upp til atkvæða og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Kynning á starfi nefndarinnar

Páley fór yfir og kynnti starf nefndarinnar þar sem nýjir sveitarstjórar tóku sæti í nefndinni að loknum kosningum í vor. Hún kynnti m.a. þær viðbragðsáætlanir sem útgefnar eru fyrir starfsvæði nefndarinnar.

5. Virkjanir AST á árinu, jarðskjálftar og fyrirhugaðar æfingar

Kristján og Páley fóru yfir starfsemi AST frá síðasta fundi nefndarinnar í vor. Þær hafa verið virkjaðar 16 sinnum frá þeim tíma vegna ýmissa verkefna. Einnig gerðu þau grein fyrir því að óvissustig væri í gildi vegna jarðskjálftahrinu sem verið hefur á svæðinu undanfarna mánuði. Óvissustig er einnig í gildi vegna viðbragðsáætlunar um eldgoss í Bárðarbungu eða norðan Vatnajökuls vegna stöðugs landriss í Öskju.

6. Önnur mál

Enginn óskaði eftir því að taka til máls undir þessum lið. Páley þakkaði fyrir góða mætingu á fundinn og sleit fundi.

Fundi slitið 12:45

Fundargerð ritaði Grímur Snær Kárason í samráði við ritara.